

Ísafjarðarbær  
Jóhann B. Helgason,  
sviðsstjóri  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. september 2012  
Tilvísun: UST20120600091/ksj

## **Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggða í landi Sæbóls I, II og III (F 27), Álfadals (F 31 og F 32) og Hrauns (F29 og F 30) á Ingjaldssandi í Ísafjarðarbæ.**

Vísað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggða í landi Sæbóls I, II og III (F 27), Álfadals (F 31 og F 32) og Hrauns (F29 og F 30) á Ingjaldssandi í Ísafjarðarbæ.

### **Frístundabyggð F 31 og F 32 í Álfadal**

Umhverfisstofnun telur að í tillögu að deiliskipulagi ofangreindra svæða sé komið til móts við athugasemdir stofnunarinnar við lýsingu deiliskipulags varðandi svæði F 31 og F 32 í landi Álfadals. Umhverfisstofnun minnir þó sérstaklega á að forðast skal rask á votlendi á svæði F31. Skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 nýtur votlendi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

### **Frístundabyggð F29 og F30 í landi Hrauns**

Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags frístundabyggðar á svæði F 30 í landi Hrauns kom fram að stofnunin er ekki hlynnt því að framkvæmdir og rask fari inn á hraunasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar ættu lóðir og byggingarreitir að vera nær bænum Hrauni 2, eða að byggingarreitir verði minni og staðsettir á suð-austur hluta lóðanna.

Varðandi svæði F 29 í landi Hrauns, þá virðist áætlunin vera skv. tillögu að deiliskipulagi, að byggja á melasvæði sem er ásættanlegra en ef farið er upp í hlíðar

### **Frístundabyggð F 27 í Nesdal**

Tillaga að frístundabyggð F 27 er á svæði í Nesdal í landi Sæbóls I, II og III. Nesdalur er þröngur eyðidalur og opnast til sjávar í norðvestur, ósnortinn af framkvæmdum ef frá er tekinn slóði og sæluhús/smáhús við ströndina. Slóðinn er liggur niður dalinn er aðeins fær

torfærubílum yfir sumarmánuðina. Að mati Umhverfisstofnunar myndi mikið rask fylgja því að leggja veg og byggja upp frístundabyggð í dalnum, með tilheyrandi tilflutningi á efni, búar- og ræsagerð o. þ.h.

Nesdalur hefur ekki verið nýttur nema til beitar undanfarna áratugi, og þyrfti að meta sérstöðu svæðisins út frá því, enda yrðu verulegar breytingar á dalnum með tilkomu frístundabyggðar að mati Umhverfisstofnunar og telur stofnunin að í raun yrði um landnám að ræða með byggingu húsa og vegagerð.

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að horfa til þeirrar eðlisbreytingar er yrði á Nesdal við þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frístundabyggð sé ekki dreift of víða, heldur haldið á vissum svæðum innan sveitarfélagsins. Svæði sem er að mestu ósnortið hefur mikið útivistar- og verndargildi og þau gildi myndu að mati Umhverfisstofnunar skerðast við uppbyggingu frístundabyggðar.

### Útlit og ásýnd

Í lögum nr.44/1999 um náttúruvernd kemur eftirfarandi fram í 35. gr. um hönnun mannvirkja: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“ Umhverfisstofnun vill benda á að í ofangreindum deiliskipulagstillögum er á þremur svæðum F 27, F 29 og F 30 gert ráð fyrir sumarhúsum í beinum röðum og í skilmálum er gert ráð fyrir að þak snúi eins á allri röðinni. Þetta minnir á skipulagsskilmála á stærri frístundasvæðum á suður – og vesturlandi og götur í þéttbýli. Umhverfisstofnun bendir á að á ofangreindum svæðum eru aðstæður allt aðrar en á flötu landi hvað varðar ásýnd og landslag. Því þurfi að mati Umhverfisstofnunar að taka til endurskoðunar það að áætla beinar raðir frístundahúsa á svæðum með náttúrulegar aðstæður eins og þær eru á ofangreindum svæðum. Sérstaklega telur stofnunin að bein röð bústaða muni falla illa að landslagi í Nesdal.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun mælir ekki með að farið sé í uppbyggingu frístundabyggðar í Nesdal. Að mati stofnunarinnar ber að vernda ósnortinn eyðidal og viðhalda náttúrulegu svæði hans, verndargildi og útivistargildi óbreyttu.

Í lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við sunnanverðan Önundarfjörð var einnig gerð grein fyrir svæði F 28 í Nesdal. Áætlanir um frístundasvæði F 28 fylgja ekki með í ofangreindu erindi.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur